



Kristilega skólahreyfingin

Húsi KFUM og KFUK Holtavegi 28 104 Reykjavík
S: 588 8899 ksh@ksh.is www.ksh.is

Kæru vinir og vinkonur KSH

Nú þegar nýtt starfsár í starfi KSH er komið vel á veg og aðventan að hefjast er ekki úr vegi að rita nokkrar línur til ykkar sem leggið svo mikið af mörkum til starfsins. Við sem stöndum að starfi Kristilegu skólahreyfingarinnar erum þakklát Guði fyrir alla þá sem taka þátt í starfi hreyfingarinnar með gjöfum sínum, bænum og sjálfboðaliðaframlagi. Fyrir starf félaganna sem standa að hreyfingunni, KSS og KSF, hafa fjölmörg ungmenni á Íslandi komist til trúar á frelsarann Jesú Krist.



Jón Ómar Gunnarsson

Þetta hefur verið viðburðarríkt haust í starfi KSS og KSF, margt hefur verið gert og mikið áunnist. Lengi hefur starf KSF legið í dvala, en á síðasta aðalfundi tók við ný stjórn, uppfull af nýjum og spennandi hugmyndum sem hafa smátt og smátt orðið að veruleika. KSF heldur nú fundi sína á þriðjudögum kl. 20.30 í Kristniboðssalnum að Háaleitisbraut og hafa að meðaltali um 30 stúdentar mætt á fundi. Framundan er stúdentamót eftir áramót og frekari kynningar í Háskólanum fyrirhugaðar. Skólamót KSS var haldið fyrstu helgina í október og var yfirskrift mótsins „Jesús og ég!“ Fjallað var um lífið í Kristi og áhrif þess á okkar hversdag. Þátttakendur á mótinu voru rúmlega 120 ásamt leiðurum og sjálfboðaliðum í eldhúsi. Á vettvangi KSS er starfandi biblíuleshópur og alfanámskeið í samstarfi við KFUM og KFUK. Næsta stóra verkefnið er Nýársnámskeið KSS sem haldið verður 7. -9. janúar.



Í lok september tóku stjórnir KSS og KSF þátt í NOSA, ráðstefnu Kristilegra skólahreyfinga á Norðurlöndum í Gautaborg. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Sameinuð.“ Femi Adeleye frá IFES (International Fellowship of Evangelical Students) var ræðumaður ráðstefnunnar. Hann brýndi það fyrir leiðtogum skólastarfsins á Norðurlöndum að gleyma ekki markmiðinu sem er að boða trúna á frelsarann og Drottinn Jesú meðal framhalds- og háskólanema. Áttu stjórnir KSS og KSF gott samfélag við bræður og systur frá Norðurlöndunum og komu endurnærð heim full af hugmyndum fyrir skólastarfið hér. Eftir ráðstefnuna var árlegur fundur framkvæmdastjóra Norrænna skólahreyfinga.

Þegar við horfum fram til jólanna og undirbúum okkur fyrir komu frelsarans er að mörgu að hyggja, bakstrinum, jólapakkainnkaupunum og jóla-skreytingunum. En við megum ekki gleyma Honum sem öllu máli skiptir. Það er mikið verk enn óunnið á akrinum hér heima. Fjölmargir eru haldnir ranghugmyndum um hver kjarni kristinnar trúar er. Samkvæmt nýlegri skoðanakönnun um trúarviðhorf evrópskra ungmenna eru einungis tæp 10 % íslenskra ungmenna sem telja trú skipta máli og talsvert færri lesa reglulega í Biblíunni. Starf KSS og KSF er vegna þessa hóps, þau eru framtíðarleiðtogar þessarar þjóðar og við berum ábyrgð á því að miðla til þeirra fagnaðarboðskapnum um Jesú. Þess vegna er starf KSS og KSF mikilvægt og við megum ekki bregðast. Starf félaganna er umfangsmikið og er því að mörgu að hyggja fyrir þau sem eru í forystu hverju sinni. Stuðningur þinn er ómetanlegur, bæði stuðningur í bæn og með peningagjöfum. Biðjum fyrir stjórnnum KSS og KSF, biðjum fyrir skólum landsins og að við sem stöndum að KSH mættum bera frelsaranum trúverðugt vitni.

*Með fyrirfram þökk og ósk um Guðs blessun,
fyrir hönd Kristilegu skólahreyfingarinnar,*

Jón Ómar Gunnarsson æskulýðsprestur

Kristilega skólahreyfingin þarf á þínum stuðningi að halda!

Það kreppir víða að í þjóðfélaginu í dag og hefur KSH ekki farið varhluta af þeirri þróun. Gjöldin hafa staðið að í stað þetta árið en tekjurnar lækkað. Innlánsvextir banka hafa lækkað, en fjármagnstekjur hafa verið stór hluti af fjárhag KSH. Stórir styrktaraðilar hafa orðið að lækka framlög sín mikið, framlög kirkjunnar og prófasts-
dæmanna lækkuðu t.d. á þessu ári um kr. 400.000. Nokkrir einstaklingar hafa orðið að hætta í gjafakerfinu vegna bágrar fjárhagsstöðu. Við leitum þess vegna til þín eftir stuðningi svo hægt verði að ljúka þessu rekstrarári án taps og helst með afgangi.

Hvernig gef ég til KSH?

Viljir þú leggja starfi KSH lið þá getur þú gengið í gjafakerfi KSH og gefið reglulega til starfsins.

- Þú getur gefið reglulega með greiðslukorti.
- Þú getur fengið sendan greiðsluseðil heim reglulega.
- Þú getur stofnað reglulegar millifærslur í heimabankanum þínum.
- Einnig er hægt styrkja starfið með því að greiða greiðsluseðilinn hér að neðan.

Reikningur KSH: 117 – 26 – 119105 og kennitala 510479-0259.

Ef þú vilt ganga í gjafakerfið getur þú haft samband við æskulýðsprest KSH, Jón Ómar, í síma 588 8899 eða sent á hann tölvupóst á jonomar@ksh.is. Einnig er hægt að hafa samband við Gísla Jónsson gjaldkera KSH í síma 822 4035.



Kristilega skólahreyfingin - KSH

Kt. 510479-0259 - Holtavegi 28 - 104 Reykjavík - Sími 588 8899 - www.ksh.is

Greiðandi:

Kt.

Upphæð:

Lagt inn á reikning 0117-26-119105